



## Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2013

Flugmálastjórn hefur ákveðið að frá og með 31. maí 2013 skulu viðurkenndar viðhaldsstöðvar, viðhaldsvottar, fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, handhafar flugrekstrarleyfa útgefna af Flugmálastjórn Íslands og eigendur og/eða umráðendur loftfara sem skráð eru á Íslandi fara eftir skýringaefni ákvarðana Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) nr. 2003/1/RM, nr. 2003/12/RM og nr. 2003/19/RM ásamt síðari breytingum (Acceptable Means of Compliance and Guidance Material to Part 21, Part M, Part 145, Part 66 and Part 147). Þessar ákvarðanir er að finna á heimasíðu EASA <http://easa.europa.eu/agency-measures/acceptable-means-of-compliance-and-guidance-material.php#AMCPart-21>

Fyrstu tvær ákvarðanirnar voru gefnar út með vísan til reglugerðar (EB) nr. 1702/2003 sem nú hefur verið endurnýjuð með reglugerð (ESB) nr. 748/2012 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 380/2013, um lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja. Síðari ákvörðunin var gefin út með vísan til reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 206/2007, um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2009.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Reykjavík, 31. maí 2013

Pétur K. Maack flugmálastjóri.